

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**771. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 19. nóvember 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
2. Bréf Skipulagsstofnunar.
3. Snorraverkefnið. Beiðni um stuðning 2013.
4. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
5. Ársskýrsla leikskólans Ásgarðs 2011-2012.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 19. október 2012. Umsókn um byggðakvóta fiskveiðiárið 2012/2013. Úthlutun til Húnaþings vestra er 70 þorskígildistonn. Sveitarstjóra og formanni byggðarráðs falið að fara yfir reglur um úthlutun byggðakvótans.
2. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. nóvember 2012, varðandi gildi deiliskipulags sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum árin 2011-2012. Öllum sveitarstjórnnum, sem samþykkt hafa og auglýst deiliskipulag á þessum tíma er bent á að skoða tímamörk auglýsingar með tilliti til úrskurðar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála nr. 30/2012. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skoðunar tæknideildar.
3. Lagt fram bréf frá Snorraverkefninu dags. 8. nóvember s.l. styrkbeiðni vegna ársins 2013. Byggðarráð samþykkir að hafna erindinu.
4. Lagt fram bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 7. nóvember s.l. þar sem fram kemur að upplýsingar sem ráðuneytinu hafa borist vegna úttektar á Grunnskóla Húnaþings vestra í samræmi við umbótaáætlun frá árinu 2010 eru fullnægjandi.
5. Lögð fram til kynningar ársskýrsla leikskólans Ásgarðs 2011-2012.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:26

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.